

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/648

2015/EES/63/57

frá 24. apríl 2015

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka bragðefnið N-etyl-(2E,6Z)-nónadíenamíð af skrá Sambandsins (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 25. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 <sup>(3)</sup> var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni inniheldur nokkur efni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur ekki lokið við að meta eða hefur farið fram á að frekari vísindagögn verði lögð fram fyrir með það að markmiði að ljúka matinu. Að því er varðar eitt af þessum eignum, þ.e. N-etyl-(2E,6Z)-nónadíenamíð, hefur aðilinn, sem ber ábyrgð á að setja þetta bragðefni á markað, nú dregið umsóknina til baka. Af þeim sökum ætti að fjarlægja þetta bragðefni af skrá Sambandsins.
- 5) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.
- 6) Í 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 <sup>(4)</sup> er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna matvæla, sem innihalda bragðefni, sem eru sett löglega á markað eða merkt fyrir 22. október 2014. Ef til vill nægja þessar umbreytingarráðstafanir ekki vegna matvæla sem innihalda bragðefni sem á að fjarlægja af skrá Sambandsins eftir 22. október 2014. Af þeim sökum ætti að kveða á um viðbótarumbreytingartímabil fyrir matvæli sem innihalda N-etyl-(2E,6Z)-nónadíenamíð til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að aðlagast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB. Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1.

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 frá 1. október 2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008. Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 162.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Matvæli sem innihalda bragðefnið N-etyl-(2E,6Z)-nónadienamið (FL-nr. 16.094), sem eru sett löglega á markað eða merkt innan sex mánaða frá gildistökudegi þessarar reglugerðar en uppfylla ekki kröfurnar í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 falli eftirfarandi færsla brott:

„16.094	N-etyl-(2E,6Z)-nónadienamið	608514-56-3	1596			4	Matvælaöryggisstofnun Evrópu“
---------	-----------------------------	-------------	------	--	--	---	-------------------------------